

Greinargerð með ársreikningi Bolungarvíkurkaupstaðar 2013

Inngangur

Ársreikningur Bæjarsjóðs Bolungarvíkur er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Starfsemi skiptist í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 878 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 809 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 680 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 661 milljón króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 96 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 46 milljónum króna.

Rekstur A-hluta var jákvæður um 70 milljónir króna áður en tekið er tillit til framlags A-hluta til að greiða niður taprekstur B-hluta fyrirtækja. Rekstrarniðurstaða A- hluta að teknu tilliti til millifærslu frá A- til B hluta er þrátt fyrir það jákvæð um 26 milljónir króna. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 74 milljónir.

Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 238 milljónum króna og hefur aukist um 113 milljónir á árinu samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé A hluta nam 334 mkr um síðustu áramót.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu um 377 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 61 stöðugildi.

Rekstur – frávík frá fjárhagsáætlun

00 Skatttekjur Gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun að útsvars- og fasteignatekjur næmu 421 m.kr. enþær reyndust 418 m.kr. Tekjur úr Jöfnunarsjóði voru yfir áætlun og reyndust 151 m.kr. í stað 138 m.kr. eins og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

02 Félagsþjónustan Framlag sveitarfélagsins til málefna fatlaðra er fjármagnað með hluta af útsvarstekjum, þ.e. 1,2% af útsvarsstofni, en fjárhæðin rennur til Byggðasamlags Vestfjarða. Að hluta til fer fjárhæðin fyrst til Jöfnunarsjóðs og greiðist þaðan til Byggðasamlagsins, en hinn hlutinn greiðist fyrst til sveitarfélagsins og ratar svo þaðan til Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem útdeilir fjármunum samkvæmt ákveðnum reglum til sveitarfélaganna sem veita þjónustuna. Rekstrarniðurstaða málaflokksins er 76,5 mkr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að 76 mkr. af skattfé færi til málaflokksins.

04 Fræðslumál Fræðslumálin fara fram úr fjárhagsáætlun. Það gerðist aðallega á síðasta ársfjórðungi ársins 2013 og stafar ekki síst af fjölgun nemenda í grunnskólanum í haust, fjölgun stuðningsfulltrúa auk meiri yfirvinnu kennara. Kostnaður við grunnskólann fer þannig 17 mkr umfram áætlun, en kostnaður við leikskólann 6 mkr. umfram áætlun

05 Menningarmál Menningarmál eru undir áætlun sem skýrist aðallega af því að ekki er búið að ráðstafa styrk til Ósvarar í framkvæmdir, en unnið er að deiliskipulagi fyrir safnið.

06 Íþrótt og æskulýðsmál Kostnaður við íþrótt og æskulýðsmál er ríflega 3 mkr yfir áætlun. Mesta frávikið er í rekstri íþróttahúss og sundlaugar vegna viðhalds, en einnig er launakostnaður umfram áætlun, m.a. vegna óvenju mikils kostnaðar vegna veikinda.

07 Brunamál Kostnaður við brunamál er innan fjárhagsáætlunar.

08 Hreinlætismál Rekstur málaflokksins var nánast á áætlun

09 Skipulagsmál Kostnaður vegna skipulags og byggingarmála er 2 m.kr yfir áætlun sem skýrist aðallega af meiri aðkeyptri vinnu vegna byggingarfulltrúa.

10 Umferðar og samgöngumál Kostnaður vegna umferðar og samgöngumála er 4 mkr umfram áætlun, aðallega vegna kostnaðar við snjómokstur, umfram áætlun

11 Umhverfismál Sláttur opinna svæða og hreinsun bæjarlandsins reyndist rúmlega 5 m.kr dýrari en gert var ráð fyrir..

13 Atvinnumál Kostnaðurinn við atvinnumál er innan fjárhagsáætlunar.

20 Framlög til B-hluta fyrirtækja Vegna tapreksturs B-hlutafyrirtækja veitir A-hlutinn sérstakt rekstrarframlag til þeirra. Annars vegar er um að ræða framlag til Félagsheimilisins að fjárhæð 37,5 mkr og hins vegar framlag til Vatnsveitu Bolungarvíkur að fjárhæð 7,5 mkr eða samtals 45 mkr. Um leið og þetta styrkir afkomu B-hlutafyrirtækjanna hefur þetta bein áhrif á rekstrarafkomu A-hlutans þannig að rekstrarafgangur A-hluta minnkar úr 70 mkr í 26 mkr.

Sjóðstreymi – handbært fé og veltufé frá rekstri

Veltufé samstæðu A- og B-hluta frá rekstri var 163 m.kr á árinu 2013 en veltufé frá rekstri A-hluta nam 39 mkr. Handbært fé í lok árs nam 41 mkr.

Hafnarsjóður

Hagnaður af rekstri hafnarsjóðs var 14 m.kr. á árinu 2013 en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 24 mkr. Munar þar mest um rekstur hafnarmannvirkja sem fór talsvert fram úr áætlun. Þar er um að ræða kostnað við viðhald á löndunarkrönunum, rafmagn á flotbryggju og viðgerð á flotbryggju og landgangi vegna foktjóns.

Vatnsveita

Rekstur vatnsveitunnar var nálægt fjárhagsáætlun sem gerði ráð fyrir 7 mkr tapi. Tapinu var hinsvegar mætt með framlagi frá aðalsjóði að fjárhæð 7,5 mkr.

Fráveita

Fráveitan var rekin með 4 m.kr. hagnaði á árinu á meðan fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 6,6 mkr hagnaði. Frávikin skýrast af meira viðhaldi aðallega í tengslum við malbikun gatna.

Félagslegar íbúðir

Félagslegar íbúðir voru reknar með 55 mkr hagnaði og munar þar mestu að á árinu fór loks fram lokauppgjör vegna samnings Bolungarvíkurkaupstaðar við EFS að fjárhæð 70 mkr.

Fjárfestingar

Miklar framkvæmdir voru á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar á árinu 2013 og var heildarfjárfesting ársins 299 milljónir króna. Stærstu fjárfestingarnar voru í hjúkrunarheimili 126 mkr og malbikun gatna 73 mkr. Á meðal annarra framkvæmda má nefna tengigang á milli grunnskóla og íþróttamiðstöðvar, vaðlaug og fleiri framkvæmdir í sundlaugargarði, frágang flotbryggju, göngustíg um hafnarsvæðið, frágang á miðbæjarsvæðinu umhverfis Félagsheimili Bolungarvíkur, Hjólaskóflu á Bolungarvíkurhöfn, endurbætur á vatnsveitu, tölvubúnað í grunnskóla og á bæjarskrifstofu, endurbætur á húsnæði Tónlistarskólans, bifreið fyrir akstur með fatlaða ofl. og hönnun á viðbyggingu leikskóla.

Að lokum

Ágæt rekstrarniðurstaða ársins 2013 með 96 mkr rekstrarafgangi styrkir fjárhagslega stöðu kaupstaðarins. Skuldaviðmið sveitarfélagsins um síðustu áramót reiknast 140%, en 126% ef fjárfesting í hjúkrunarheimili er dregin frá sem leyfilegt er skv. lögum. Skv. 64. gr. sveitarstjórnarlaga á þetta viðmið ekki að vera hærra en 150%. Reksturinn er að skila mjög góðri framlegð, en EBIDTA samstæðu A og B hluta er 199 mkr eða 22,6% af heildartekjum

Almennt er óhætt að fullyrða að rekstur undanfarinna ára hafi í stórum dráttum gengið vel. Á undanförunum 5 árum hefur eiginfjárstaða sveitarfélagsins t.d. farið úr því að vera neikvæð um 179 mkr í það að vera jákvæð um 238 mkr. Þannig hefur eiginfjárstaðan batnað um 417 mkr á síðustu fimm árum. Þá má segja að það sé sérstakt ánægjuefni að íbúum er að fjölga í Bolungarvík og voru þeir orðnir 950 í árslok 2013 og hafði þá fjölgað um 32 frá fyrra ári.

Ársreikningur Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2013 er hér lagður fram til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Bolungarvík 8. maí 2013
Elías Jónatansson, bæjarstjóri